



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

SAMÚÐARKVEÐJUR TIL FORSETA FRAKKLANDS

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson hefur í morgun, fimmtudaginn 8. janúar, sent samúðarkveðjur frá sér og íslensku þjóðinni til forseta Frakklands François Hollande og frönsku þjóðarinnar vegna hinnar hræðilegu hryðjuverkaárásar í París.

Í kveðjunni er áréttað að hugur okkar og bænir séu hjá fjölskyldum þeirra sem létust, ættingjum og vinnufélögum.

Þegar mannréttindum og frjálsri umræðu sé ógnað á þennan hátt þéttist raðir allra þjóða sem varðveita vilja kjarna þess lýðræðis sem mótað hefur menningu okkar og sögu.

8. janúar 2015

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).